

GJALDSKRÁ

um breytingu á gjaldskrá Umhverfisstofnunar, nr. 82/2005.

1. gr.

14. gr. gjaldskrár nr. 82/2005 orðist svo:

Umhverfisstofnun heldur hæfnispróf fyrir veiðimenn og veiðinámskeið til undirbúnings hæfnisprófa á fyrirfram auglýstum tíma skv. 11. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Stofnunin innheimtir gjald vegna hæfnisprófa og námskeiða, sbr. 4. mgr. 11. gr. laganna sem hér segir:

- | | |
|--|------------|
| a) Prófjald fyrir hæfnispróf á auglýstum próftíma | kr. 5.000 |
| b) Prófjald fyrir hæfnispróf utan auglýsts próftíma að óskum viðkomandi einstaklings (einkapróf) | kr. 7.500 |
| c) Veiðinámskeið til undirbúnings hæfnisprófi og hæfnispróf (innifalin öll námsgögn) | kr. 10.500 |

Greiða skal gjald vegna hæfnisprófa eða námskeiða áður en námskeið hefst eða próf þreytt.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 4. mgr. 11. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisstofnunin, 20. júní 2007.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.